

# STJÓRNARTÍÐINDI B 10 – 1991

---

---

13. febrúar 1991

177

Nr. 70

## REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 591/1987, um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu, með síðari breytingum.**

1. gr.

Við 1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar bætist nýr töluliður er verði 24. töluliður.

24. Starfsmenntunar- og vísindasjóðsstyrkir stéttarfélaganna og annarra félagasamtaka til rannsóknna, þróunarstarfa, endurmenntunar og sambærilegra verkefna.

2. gr.

Reglugerð þessi, er sett með heimild í 8. gr. laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 13. febrúar 1991.*

F. h. r.

**Magnús Pétursson.**

*Snorri Olsen.*

8. febrúar 1991

Nr. 71

## REGLUGERÐ

**um innflutning og viðurkenningu á neyðarsendibaujum á 406 MHz.**

1. gr.

Póst- og símamálastofnun skal heimila innflutning og annast viðurkenningu á neyðarsendibaujum á tíðninni 406,025 MHz til nota í skipum í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar.

2. gr.

Heimilt er að flytja inn og nota neyðarsendibaujur, sem hlotið hafa viðurkenningu hjá löggiltum viðurkenningsstofnunum í öðrum löndum Evrópu.

Með beiðni innflytjanda um innflutning skal fylgja viðurkenningsvottorð ásamt upplýsingum um á hvaða reglum erlend viðurkenning er byggð.

3. gr.

Áður en heimild er veitt samkvæmt 2. gr. skal umsækjandi afhenda handbók yfir neyðarsendibaujuna með nákvæmri tæknilegri lýsingu og notkunarreglum. Þar skal m.a. koma fram hver áætlaður endingartími baujunnar og rafhláða hennar er og hversu lengi hún getur sent út á þeim rafhlöðum sem með henni fylgja.

B 12

Prentsmiðjan Gutenberg hf.